



13. stjórnarfundur Siðmenntar

haldinn fimmtudaginn 12. janúar 2023 klukkan 17:00 á skrifstofu Siðmenntar, Laugavegi 178

Mætt voru Inga Auðbjörg Straumland (formaður), Kristín Sævarsdóttir, Sveinn Atli Gunnarsson, Sigurður Rúnarsson, Kristín Helga Schiöth, varamennirnir Hope Knútsson, Mörður Árnason og Guðjón Sigurbjartsson auk Sigþrúðar Guðmundsdóttur framkvæmdastýru sem ritaði fundargerð.

Fundargerð.

1. Skýrsla framkvæmdastýru

2. **Aðalfundur Siðmenntar 2023. Ákveðið** að halda húmanistaþing samhliða aðalfundi í mars og að framkvæmdastýra, formaður og Kristín Sævarsdóttir myndi undirbúningshóp.
3. **Umsagnir um lagafrumvörp. Ákveðið** að framkvæmdastýra skrifi alla jafna umsagnir og beri þær undir stjórn, ef ekki berast athugasemdir innan sólarhrings teljist umsögn samþykkt. Framkvæmdastýra hafi samráð við stjórn vegna umsagna sem krefjast meiri vinnu og/eða skoðanaskipta.
4. **Vinnudagur stjórnar. Ákveðið** að vinnudagur stjórnar og framkvæmdastýru verði laugardaginn 28. janúar. **Ákveðið** að formaður, framkvæmdastýra og Sigurður skipa undirbúningshóp.
5. **Starfsreglur stjórnar.** Almennt rætt um starfsreglur og **ákveðið** að framkvæmdastýra kynni drög að reglum á starfsdegi stjórnar. Þar komi meðal annars fram hvernig meðferð fundargerða skuli háttáð sem og tíðni og fyrirkomulag funda.
6. **Heimsping húmanista** verður haldið í Kaupmannahöfn í ágúst, stjórnarfolk hvatt til að mæta. Framkvæmdastýru **falið** að reikna kostnað vegna farar eins þátttakanda svo hægt verði að meta hvernig staðið skuli að því að styrkja þátttakendur til fararinnar. Verður tekið upp á næsta fundi.

7. Erindi frá athafnaráði

- a. Tillögu ráðsins um að Arnar Snæberg Jónsson taki sæti í gæðateymi Siðmenntar samþykkt
- b. Athafnaráð leggur til eftirfarandi greiðslur til athafnastjóra í hópfermingum (sjá fylgiskjal); Hópfermingar á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri: greiddar verði kr. 45.000.- fyrir hverja athöfn og sjálfbodaðastörf á móti (helst til jafns). Aðrar hópfermingar; greiddar verði allt að kr. 65.000 kr.- / akstur 184 kr/km. Laun ræðufólks: 50.000 kr. fyrir skrif og einn flutning en kr. 30.000.- fyrir aukaflutning.

Stjórn samþykkir tillögur athafnaráðs og þakkar ráðinu jafnframt fyrir vandaða og faglega vinnu.

8. Önnur mál

- a) Tillögu um að hætta prentun dagskrár í borgaralegum ferðingum vísað til starfsfólks
- b) Ákveðið að Sveinn Atli sitji í gæðateymi fyrir hönd stjórnar. Teymið er þá fullskipað, framkvæmdastjóra, formanni og fulltrúum stjórnar og athafnaráðs.
- c) Spurt er um heimasíðu, framkvæmdastýra upplýsir að hún kannist ekki við að fólk lenti í vandræðum með að finna upplýsingar um borgaralegar ferðingar en mun leita upplýsinga hjá verkefnastjóra og að kaflinn um borgaralegar ferðingar sé ekki á forgangslista þegar kemur að lagfæringum á heimasíðu.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 19:10